

Málþing um gjaldtöku á ferðamannastöðum

Haldið 20. febrúar, 2014 á Hótel Sögu, sal Kötlum II, kl. 13-15.

Elín R. Líndal var fundarstjóri málþingsins og byrjaði hún á að bjóða frummælendur málþingsins velkomna og þá sérstaklega ráðherra en frummælendur málþings voru Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Óskar Magnússon, talsmaður kerfélagsins og Sigurður Jónsson, stjórnarmaður í LLÍ og fulltrúi samtakanna í vinnuhóp ráðherra um náttúrupassa. Elín bauð því næst Ragnheiði Elínu í pontu.

Erindi Ragnheiðar Elínar Árnadóttur

Ragnheiður Elín ræddi um gjaldtöku á ferðamannastöðum í því skyni að nýta fjarmagnið til viðhalds og uppbyggingar á viðkomandi stöðum. Ragnheiður Elín þurfti því miður að fara um leið og erindi hennar var lokið og baðst hún velvirðingar á því, hún hefði verið búin að lofa sér í annað áður en hún samþykkti að taka þátt í málþinginu. Það stafaði því ekki af því að hún vildi ekki eiga orðaskipti um málefnið.

Ragnheiður Elín sagði málið hafa verið í ráðuneytinu hjá henni nánast frá fyrsta degi en brýnt væri og aðkallandi að gera úrbætur í þessum málum enda væru af því fréttir nánast daglega. Þörf væri á uppbyggingu á ferðamannastöðum sem og að tryggja öryggi ferðamanna en til staði að gera á þessu úrbætur með gjaldtöku. Hún sagðist búin að ræða málefnið mikið bæði á fundum, í fjölmiðlum, í þinginu og á fleiri stöðum, m.a. hefði hún áður verið á fundi með Óskari Magnússyni, þá stödd undir Eyjafjöllum.

Ráðherra ræddi um hópinn sem settur var á í haust til þess að fara yfir þessi málefni og nýtti hún tækifærið til þess að þakka LLÍ fyrir þátttöku sína í hópnum. Innlegg þeirra væri mikilvægt og hefði verið afar gagnlegt. Hún sagði um 25 aðila eiga fulltrúa í hópnum og hún teldi að með því ættu öll helstu sjónarmið eigi greiða leið inn í þessa vinnu. Hún sagði sveitarfélögin jafnframt hafa komið að ferlinu enda eiga þau mörg hver land, líkt og ríkið, hagsmunir landeigenda liggja því víða. Hún sagðist leggja áherslu á að málið verði unnið í sátt og sagðist vilja leggja mikið á sig til þess að ná samstöðu um þá leið sem valin verður. Ferlið hefði vissulega tekið tíma og hún og ráðuneytið hefðu hlotið gagnrýni fyrir það en hún sagði að það yrði að hafa það, nauðsynlegt væri að gera þetta vel.

Ráðherra fór yfir að ýmsir vinsælir ferðamannastaðir væru í einkaeigu og nefndi þar m.a. Hverfjall og Skútustaðagíga, Kerið, Seljalandsfoss og Skógarfoss og svo staði sem væru í blandaðri eigu s.s. Dettifoss og Geysi. Hún sagði framkvæmdasjóð ferðamannastaða hafa úthlutað um 900 milljónum frá því hann var stofnaður árið 2011 með þeim fjármunum sem útteilt verði í ár en það eru um 247 milljóni. 41% styrkja hefðu farið til sveitarfélaga eða 74 verkefni, 25% til ríkis, 22% til ýmissa aðila en aðeins 12% til einkaaðila. Það væri því ljóst að minnihluti styrkjanna rynni til einkaaðila enda hafi þeir síður séð hag sinn í að fara út í framkvæmdir þar sem þeir þurfa að reiða farm helming kostnaðar en þeir fá engan hagnað af því, þrátt fyrir að margir geri út á þeirra landsvæði. Með náttúrupassa væri hins vegar hægt að auka mjög það fjármagn sem sjóðurinn hefur yfir að ráða en verið væri að leggja lokahönd á

útreikninga hvað það varðar. Hún sagði hlutverk náttúrupassans m.a. eiga að vera það að tryggja landeigendum sanngjarnt afnotagjald, sinna öryggi ferðamanna og tryggja fjármagn til uppbygginga á nýjum stöðum í því skyni að dreifa álaginu betur enda væri það orðið mjög nauðsynlegt þar sem ferðamönnum hefði fjölgað á síðustu árum að meðaltali um 50.000 árlega.

Ráðherra sagði náttúrupassann hafa hlotið nokkra gagnrýni sem stundum hefði verið á missskilningi byggð en oftast hefði hún þó verið málefnaleg. Hún sagði þá leið sem verið væri að vinna að gæti verið ein besta leiðin en hún héldi því þó ekki fram að þetta væri eina leiðin. Meðal gagnrýni sem sett hefði veirið fram væri sú að þetta yrði of flókið og of mikið bák, setja ætti miðstýrða ríkisstofnun sem færi með yfirumsjónina með þessu og fleira. Hún vildi þó áréttta að ekki væri fyrirhugað að setja á nýja stofnun og fyrirkomulagið ætti ekki að vera miðstýrt heldur unnið á breiðum grunni. Þá ættu tekjurnar ekki að renna inn í ríkissjóð heldur í sérstakan sjóð þannig að tryggt væri að fjármagnið rynni til uppbyggingar í ferðaþjónustu. Þá gat ráðherra þess að enginn yrði neyddur í þetta samstarf.

Ráðherra sagðist þá komin að viðkvæmu málefni, því sem varðaði einstaka staði. Hún sagði Óskar Magnússon og þeirra féлага í fullum rétti að setja gjaldheimtustöð við Kerid. Nýjasta dæmið væri svo á Geysi í Haukadál, þar sem Garðar Eiríksson væri talsmaður landeigenda. Það mál horfði aðeins öðruvísi við þar sem eignarhaldið væri flóknara, landið væri í sameign og einungis 2/3 landeigenda hygðust taka gjald en 1/3 ekki, þ.e. hluti ríkisins. Ágreiningur væri um eignarhaldið, ríkið teldi sig eiga Geysissvæðið og Strokk og þeir sem fara með málið fyrir hönd ríkisins telja gjaldtökuna því ekki heimila og á meðan svo stór ágreiningsefni eru upp sagðist ráðherra því ekki telja rétt að fara af stað með þessum hætti. Á meðan stæðu þó landeigendur frammi fyrir því að vera ekki endilega hlynntir því að ferðaþjónusta geri út á landið þeirra. Ríkið hefði verið gagnrýnt fyrir að hafa ekki lagt nógu mikið til uppbyggingar á svæðinu og tók ráðherra undir að ekki hefði verið lagt nógu mikið í þennan málaflokk til þessa. Nauðsynlegt væri að taka á þessu og náttúrupassi gæti verið lausn ef Geysir væri inn á slíkum passa.

Þá hafi fleiri álitamál verið nefnd varðandi náttúrupassann og gjaldtökuna yfirleitt, t.a.m. það hvort Íslendingar þurfi að greiða líka. Það væri til skoðunar en almennt liti út fyrir að ekki sé hægt að veita slíka undanþágu, m.a. á grundvelli EES samningsins, enda væru spor Íslendinga jafn þung og annarra líkt og Garðar hefði sagt. Hugsanlega væru möguleikar þó á að taka upp afsláttarkerfi og verið væri að skoða það. Ráðherra nefndi einnig áhyggjur sem margir hefðu látið í ljós af eftirliti með náttúrupassanum. Ragnheiður Elín sagði að þau kæmu til með að treysta á heiðarleika fólks um að það borgaði og nefndi í því samhengi að í neðarjarðarlestakerfum í mörgum ríkjum mætti sjá að viðurlög við brotum væru svo há að fólki finndist ekki taka því að láta góma sig fyrir slíkt.

Ráðherra sagði að þegar tölur um náttúrupassann lægju fyrir, bæði kostnað og hagnað, þá væri hægt að taka afstöðu til málsins. Og fulltrúar í vinnuhópnum gætu þá tekið ákvörðun út frá sínum hagsmunum. Hún sagðist vonast til að geta lagt fram frumvarp um málið á þessu þingi og að það yrði samþykkt fyrir þinglok. Hins vegar væri komið of nálægt sumrinu til þessa að taka kerfið upp núna en lausn á því gæti verið tímabundinn valkvæður kostur um gjaldtöku. Á

móti kæmi þó að þeir sem kjósi að rukka inn verði einnig að sinna viðhaldi á stöðum sínum sjálfir.

Ráðherra sagði mikilvægt að styðja ferðaþjónustuna til lengri tíma og þar væri það náttúran sem laðaði að. Uppbyggingin á hverjum stað yrði að vera á ábyrgð eigenda á hverjum stað, hvort sem um væri að ræða ríkið, sveitarfélög eða einkaaðila. Þá væri einnig til staðar efnahagsleg ábyrgð enda væri ferðaþjónustan stór þáttur í efnahagslífi landsins og grundvöllurinn þar væri náttúran, ef ekki auðnaðist að standa vörð um hana, sjálfa vöruna þá væri voðinn vís. Okkur væri mikil ábyrgð falin með þeirri náttúruferlu sem Ísland er.

Ráðherra sagði að það gæti verið freistandi að stytta sér leið að markinu þegar tíminn væri naumur en mikilvægt væri að gera þetta bæði rétt og vel en hún sagði ráðuneytið vera að reyna vinna málið hratt og vel. Hún sagðist þó ekki búin að læsa sig inn í þessari leið og markmið hennar væri ekki að ryðja málinu í gegn ef það reyndist óframkvæmanlegt eða ekki væri vilji fyrir hendi að fara þessa leið en hún bað um leið hagsmunaaðila að gera slíkt hið sama heldur finna sameiginlega lausn.

Ráðherra endaði erindi sitt á að ítreka þakkir sínar fyrir samstarf í þessari vinnu þakkir til LLÍ fyrir að bjóða henni til málþingsins og baðst hún aftur afsökunar á að geta ekki dvalið lengur.

Erindi Óskars Magnússonar

Óskar hóf mál sitt á að segja það þykja sjálfsgöð réttindi að eigandi langferðabíls njóti af því alls þess arðs sem slíkt byði upp á en hins vegar þætti það mjög neikvætt að eigandi lands nyti af því arðs. Hugsanlega mætti slíkt ef landið væri hrjóstrugt eða ljótt en ef landið væri fallett, hvað þá náttúruferla væri slíkur arður sérlega neikvæður. Hann ræddi því næst aðdraganda kaupanna að Kerinu og sagði það í raun tilviljun eina. Ríkið átti forkaupsrétt sem það vildi ekki nýta, landið var því auglýst og ekki bærust nema tvö eða þrjú tilboð. Svo hefði því farið að hann hefði í félagi við aðra keypt landið.

Hann sagði ríkið og náttúruverndarráð hafa haft háleitir hugmyndir um svæðið en þau hefðu ekki náð saman við landeigendur, t.d. hefði ríkið viljað byggja járnþrátt til útsýnis langt út í Kerinu. Þegar þeir koma að eftir kaupin hefði staðan verið þannig að annað hvort hefði verið að loka Kerinu og reyna verja þar með þessa náttúruferlu eða fara í viðræður við ríkið og laga þarna til. Náðst hefði samkomulag um það en Óskar sagðist þó mikið sjá eftir því þar sem þeir væru stöðugt áminntir um þær 4,5 milljónir sem þeir fengu til uppbyggingar á svæðinu og það notað sem rök gegn því að Kerinu mætti loka þrátt fyrir að ríkið hefði í raun fengið ókeypis aðgang að Kerinu fyrir alla sína þegni og gesti í mörg ár. Þeim fjölda mætti auðveldlega deila niður á þá smáaura sem þeir hefðu fengið á sínum tíma. Óskar sagði hann sjálfan og félagi sína, þá miklu peningamenn, ekkert hafa gert til þess að hagnast á Kerinu í átta ár, aðeins hefði verið reynt að halda því opnu. Hins vegar árið 2008 varð ljóst að stefndi í óefni, fjöldi gesta hafði aukist til muna sem og ágangur. Um haustið vaknaði því sú hugmynd að stöðva rútuumferð, þ.e. þá sem væru að gera út á annarra manna eign og flytja þarna tugþúsundir einstaklinga inn á svæðið, það hefði hins vegar mætt mikilli andstöðu rútuferli og landeigendur áttu í miklu stappi. Þessi lausn hefði þó verið töluvert ódýrari ef verið hefði

hægt að gera þetta miðlægt á þennan hátt. Gjaldið væri nú 350 krónur með vsk. og því í reynd 280 krónu. Viðkvæðið hjá rútufyrirtækjunum hefði hins vegar verið á þá leið að spyrja Óskar hvers vegna hann setti ekki upp klósett og hvers vegna hann seldi ekki pylsur á svæðinu. Hann sagðist hvorki hafa áhuga á því að reka klósett eða selja pylsur og spurði hvort ekki væri nóg að eiga land? Hann spurði frekar hvort ekki væri réttlátt að þeir sem skemmi, borgi fyrir þær skemmdir? Hann sagði ríkisspassann, sem ráðherra kallaði einhverju öðru nafni, snúast um að þeir sem geri út á annarra manna eign geri það út á annarra manna skattfé.

Óskar sagðist hafa farið um landið með embættismönnum frá umhverfisstofnun og menn hefðu verið sammála um að þarna stefndi í mikil óefni. Hins vegar hefði sjálf Umhverfisstofnun beðið hann um að vera alls ekki að takmarka umferð né ágang um svæðið. Þeir sögðust myndu leysa málið yfir veturinn. Óskar sagðist hins vegar hafa neitað því enda gerðist ekkert hjá þeim á einum vetri. Síðan hefðu þeir lokað svæðinu og þá loksins hefðu 700.000 ferðamenn dottið á höfuðið á þessu fólki og farið var að skoða hvernig þessu væri háttað á Norðurlöndunum.

Óskar lýsti neikvæðri skyldu landeigenda og sagði eignarréttinn friðhelgan nema til kæmu lög eða eignarréttur annarra.

Eignarréttur er friðhelgur nema til komi lög eða annarra eignarréttur. Mikið hefði þó verið vísað í almannarétt síðustu ár og meira verið gert úr honum en efni standa til. Samkvæmt lögum væri almenningi vissulega heimil för um land í löglegum tilgangi. Engin lög væru aftur á móti sem bönnuðu gjalddöku svo spurningin væri aðeins hvort almannarétturinn sé svo ríkur að ekki megi taka gjald. Samkvæmt náttúruverndarlögum er almenningi heimilt að fara um land og dvelja þar í lögum tilgangi. Þeim beri þó að sýna ítrustu varúð, sýna landeiganda og öðrum rétthöfum fulla tillitssemi, virða hagsmuni þeirra og fylgja leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið. Þá skuli menn fara eftir merktum leiðum og ákveðnum stígum en heimilt er mönnum að fara gangandi, ríðandi og hjólandi um land. Á eignarrétti í byggð er landeigenda hins vegar heimilt að takmarka umferð. Um Kerið eiga við öll þau skilyrði sem sett eru fyrir takmörkun umferðar, þ.e. landið er í byggð, það er afmarkað og óræktað. Takmörkun umferðar við Kerið er svo bundin við þá sem greiða aðgang. Óskar sagði gott að heyra jákvætt viðhorfa ráðherra gagnvart þessu. Þó væri það svo að búið væri að koma í allskonar eftirlitsferðir þangað. Vinnueftirlitið hefði m.a. gert athugasemdir við að kofi starfsmannsins sé of gisinn en einnig of þéttur þar sem hann er kyntur með gasi.

Óskar sagðist aðeins kalla náttúrupassann ríkispassa og sagðist telja að verið væri að byggja mikið bákn en skv. skýrslum frá ráðherra væri gert ráð fyrir að 300-500 milljónir fari í rekstur, 10% í kostnað. Þá mætti velta fyrir sér hversu lengi ferðaþjónustan fengi að njóta ágóðans, ríkið myndi taka þessa peninga og nota í ríkiskerfið, þrátt fyrir fögur fyrirheit um annað. Hann sagðist þó telja, og félagar hans í Kerfélaginu einnig og vísaði í orð ráðherra á málþinginu, að ráðherra væri að færast nær þeirra lausn. Hún hefði gætt þess að segja að hún hafi ekki læst sig í einni lausn og Óskar sagðist heldur ekki hafa gert það, enda slíkt hygginna manna háttur. Þó væri skrytið að tala á sama tíma um að ætla ekki að þvinga fram passa en samt tala um löggjöf sem samþykkja ætti á vorþingi.

Óskar fór yfir eignarhald ríkisins á Gullfossi, Þingvöllum, Geysi, Dimmuborgum, Ásbyrgi og fleiri stöðum. Ef gjalddaga yrði aðeins hafin á Gullfossi, sem er einfalt í framkvæmd, þá

fengjust fyrir það 420 milljónir. Hann vísaði í orð ráðherra um að úr framkvæmdasjóði ferðamála hafi á þessu ári verið greiddir úr 247 milljónir og þar af kæmu 38 milljónir frá gistináttagjaldinu, sem hann sagði það alvitlausasta. Með eingöngu gjaldtöku á Gullfossi væri því komið margfalt sú upphæð. Vel mætti við una að 200 milljónir færu í uppbyggingu við Gullfoss, eða jafnvel 150. Hann sagðist viss um að menn þar á bæ yrðu ánægðir með það. Þessir stóru öflugtu staðir sem ríkið stýrir gætu því búið til það miklar tekjur að hægt væri með þeim fjármunum að hjálpa hinum stöðunum, stöðum sem ekki gætu innheimt gjald vegna kostnaðar við slíkt eða að svæðið væri of víðtækt o.s.frv. Óskar sagði þessa leið geta skilað 600 milljónum á einu ári, sem væri jafn mikið og framkvæmdasjóður hefur úthlutað til þessa. Þá sagði hann það útúrsnúninga að tala um gjaldskúra, auðvitað yrðu engir slíkir skúrar þegar framkvæmdin væri komin almennilega af stað, hvað þá á stórum stöðum. Hjá þeim væri aðeins skúr þar sem þeir væru að ryðja brautina og hefðu ekki mikil fjárráð. Með passanum yrði hins vegar bara einn passi sem gæti verið aðgangur að Geysi, Gullfossi, Kerinu og fleiri stöðum. Þetta yrði einfalt líkt og á brautarstöð erlendis.

Óskar talaði um Inspired by Iceland átakið sem veitt hefði verið í 400 milljónum þrátt fyrir að Ísland væri ekki tilbúið að taka við ferðamönnum yfir vetrartímann og sagði að nær hefði verið að veita því í innviðina. Steininn tæki svo úr snilldinni þegar landvörðum er fækkað þegar ferðamönnum fjölgað.

Óskar lauk máli sínu á því að segja að gjaldtakan hefði hafist í júní á síðasta ári og afar fáar kvartanir verið, einstaka íslenskur fararstjóri hefði kvartað og spurt um salernisaðstöðu en að öðru leyti hefði reynslan verið góð. Hins vegar kostaði þetta auðvitað fjármuni en þó hefði verið afgangur í haust til uppbyggingar. Gjaldtaka væri því mjög raunhæfur möguleiki.

Erindi Sigurðar Jónssonar

Sigurður byrjaði á að skýra frá samráðshópnum sem hann situr í um náttúrupassann og sagði að í hópnum sætu bæði ríkisstarfsmenn og fulltrúar ferðaþjónustu en auk þeirra væru aðeins hann og fulltrúi frá Landsbjörgu. Samsetningin á þessum hópi væri því töluvert einsleit og Sigurður sagðist hafa gert athugasemd við að þarna mættu vera fleiri úr einkageiranum. Hins vegar væri það ekki vilji hjá samtökunum að vera neikvæð gagnvart hópnum. Umræður hópsins hafi verið líflegar en þó auðvitað borið keim af því hvaða hagsmuni þeir aðilar sem í hópnum sitja hafa. Sigurður kvaðst ekki geta tekið undir með ráðherra að þessari vinnu sé að verða lokið, þar væri umræðan ekki komin jafn langt og ráðherrann vildi vera láta. Almennt væri þarna verið að ræða um passann í heild sinni, framkvæmdina, úthlutun hans, hvað á að fjármagna, hverjir eigi aðilda, hverjir eigi að stjórna o.s.frv.

Sigurður sagði að undir það hefði verið tekið í hópnum að þessi leið með náttúrupassann sé ekki besta leiðin, m.a. væru fulltrúar úr ferðamannaiðnaðinum ekki einhuga um þessa leið og hann sagðist því ósammála ráðherra um að samstaða væri í hópnum. Hann tók þó undir með ráðherra um að ekki væri gott að læsa sig inn í einni leið eða ákvörðun um að önnur leið væri ómöguleg. Hann sagðist þó telja þessa hugmynd bæði flókna og erfiða og benti á að við ættum ekki að vera finna upp hjólið heldur líta til þess hvernig þetta hefði verið framkvæmt erlendis, það hefði verið skoðað og hugmyndir væri að finna þar. Hann taldi gott að ráðherra

ætlaði ekki að troða þessu fyrirkomulagi upp á landeigendur, finna þyrfti þá bara leið sem gengi upp.

Sigurður endaði erindi sitt á að koma inn á umræðu sem átt hefði sér stað í vinnuhópnum um hvort há gjaldtaka myndi draga úr fjölda ferðamanna. Almennt er talið að svo sé ekki en menn hafa talað um að gera það þannig að gjaldið myndi ekki hafa slík áhrif. Sigurður sagði hins vegar að honum finndist ekki neikvætt að draga úr fjölda ferðamanna þar sem átroðningurinn væri orðinn mjög mikill.

Umræða um erindi framsögumanna

Ólafur H. Jónsson var sá fyrsti sem tók til máls af fundargestum og greindi hann frá því að landeigendur í Reykjahlíð hyggjast ætla hefja gjaldtöku á þrem stöðum. Við Hveri austan við Námaskarð, Leirhnjúkssvæðið og svæðið vestan við Dettifoss. Hann sagði þá standa frammi fyrir því að loka þessum svæðum eða hefja uppbyggingu. Ólafur sagði „skúra“ ekki inn í þeirra orðaforða, þetta yrði þjónustuhús með aðstöðu fyrir starfsfólk, salerni o.fl. Í framtíðinni yrði gjaldið svo greitt með rafrænum hætti og sýndi hann greinargóðar myndir af fyrirkomulaginu eins og það er hugsað. Hugsunin er að setja upp hlið og vera með posa sem afgreitt gæti 300 manns á mínútu og því ættu ekki að verða neinar biðraðir. Þetta myndi vissulega kosta, þarna yrðu þeir með á bilinu 10-20 manns í vinnu en þó væri aðeins opið frá 1. júní til 1. september enda væri þarna allt annar veruleiki en t.d. við Geysi og þar af leiðandi allt annar kostnaður. Hann sagði þó að þrátt fyrir minni aðgang fyrir norðan væri t.a.m. að ástandið við Godafoss og hverina orðið mjög slæmt. Þá sagði hann að þeir fjármunir sem sú leið sem landeigendur í Reykjahlíð vilja fara myndu skila sér á 40 árum með náttúrupassa. Það væri heldur ekki nýlunda að rukka gjald fyrir þjónustu, t.a.m. væri þegar rukkað gjald á Þingvöllum fyrir salernisaðstöðu. Þeirra skoðun sé sú að þeir vilja hafa gjald og þeir vilja að þess sé notið heima í héraði en ekki sé um að ræða eitthvað bákn fyrir sunnan og greiddar milljónir í stjórnun.

Knútur Brun tók næst til máls og þakkaði fyrir mikilvæga umræðu. Þarna væri um að ræða fjölpætta hagsmuni. Hann minnti á að þrátt fyrir að mönnum virtist létt yfir því að komin væri ný ríkisstjórn, en menn mættu ekki gleyma því að það voru Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn sem að fóru fram með þjóðlendlögin og það voru kommarnir sem reyndu að berjast fyrir hagsmunum landeigenda. Hann tók undir með Óskari um að tilhneiging væri til þess að ríkið hirti alla peninga, nú væri verið að fjarlægja eyrnamerkingar fjármuna í þinginu og peningar kæmu til með að renna í einn sjóð. Knútur sagði alla hafi sofið á verðinum, líka landeigendur og aðilar ferðaþjónustunnar. Svo virtist sem menn haldi að hægt sé að moka inn ferðamönnum án þess að gera nokkuð. Knútur sagði þá nauðsynlegt að fá gröfur og planta steinum fyrir þessa blessuðu ferðamenn því ekki væri klósettunum fyrir að fara og hvorki ríkið né sveitarfélögin vildu koma að því. Knútur endaði tölu sína á að lýsa yfir óánægju sinni með að Íslendingar, börn og barnabörn þyrftu að greiða fyrir að sjá náttúruperlur á Íslandi og lýsti yfir ósk sinni að fundin yrði önnur leið.

Hilmar Össurason af Vestfjörðum tók undir með fundarmönnum, sérstaklega Óskari Magnússyni, nema þeim punkti hans um að landeigendur gætu frekar stólað á sveitarfélög,

Það væri ekki hans reynsla. Hilmar vísaði í orð ráðherra sem sagði það geta tekið nokkurn tíma að koma á náttúrupassanum og sagðist hann vona að tæki gríðarlegan tíma miðað við þann óskapnað sem virtist ætla að verða úr þessu. Hann sagðist hræddur um ábyrgð landeigenda á slysum á sínu landi, það væri ekki aðeins ávinningur að eiga land heldur einnig ábyrgð. Þess vegna væri mikill grundvöllur fyrir því að landeigendur sæju um gjaldtöku sjálfir. Þá vísaði hann í umræðu um ríkisstjórnina og að hún væri landeigendum vinsamlegri, hann sagðist ekki telja það vinsamlega ríkisstjórn þar sem fjármálaráðherra lýsti því yfir vegna gjaldtöku á Geysissvæðinu að á það yrði hugsanlega sett lögbann. Hilmar sagðist taka undir orð fræðimanns frá Háskóla Íslands sem fram kom í Kastljósi um að ríkið hefði þegar yfir að ráða leið sem ekki kostar fleiri milljónir, þ.e. skattkerfið.

Árni Hjörleifsson sagðist hafa lent í miklum deilum við útivistarfólk eftir að hafa lokað hliði upp að heimreiðinni hjá sér. Hann hefði heyrt frá fyrri eigenda að hann hefði lent í vandræðum vegna þess að hann gerði það ekki, bílarnir væru í gangi í tíma og ótíma beint fyrir utan svefnherbergisgluggann. Árni lokaði því hliðinu en forystumaður útivistarfélags, Páll Ásgeir, hringdi m.a. og sagði Árna ekki hafa heimild til að loka þessu hliði, þarna væri hefð að fólk gengi um enda væri þarna gönguleið upp á Skessuhorn og vísað væri til þess í göngubók. Árni sagðist hins vegar hafa vitað það að ekki stæði í bókinni að gengið væri frá hlaðinu og sagði að þeim væri velkomið að ganga en þar sem þau væru nú svo mikið göngufólk þá munaði þeim varla um þessa 400 metra. Þá kom í ljós að málið snerist um að Páll var að koma með fólk á 50 einkabílum. Þá sagðist Árni hafa spurt af hverju þau þessir miklu náttúruverndarsinnar tækju ekki bara rútu frekar en að fara á 50 bílum eða gengju frá Skarðsheiði sem væri styttri leið. En fólkið var á fólksbílum og komst því ekki þá leið. Páll hótaði þá Árna að hann hefði ekki heyrt það síðasta og á DV birtist frétt og ummæli sem konan hans hafði sett á netið í gríni við mynd á fjallinu „Ég á þetta“ ásamt mynd af lokuðu hliðinu, hins vegar er gönguleið við hliðina á hliðinu en það var ekki birt mynd af því.

Garðar Eiríksson tók næst til máls og byrjaði hann á að taka það fram að 16 ára og yngri greiða ekki inn á Geysissvæðið. Hann sýndi mynd af slæmu sári þar sem ferðamenn eru að taka kísil og brjóta úr bakka landsins og myndir af mikilli drullu á göngustígum og slóðanum upp á Laugafellið sem er í slæmu ástandi. Hann spurði hvort þetta væri boðlegt á einu mest sótta svæði landsins. Hann sagðist ekki treysta ríkinu fyrir þessu, þessum perlum væri betur fyrirkomið hjá mönnum eins og sér, Ólafi eða Óskari. Þeir væru tilbúnir að leggja ýmislegt á sig, miklu meira en ríkið. Og þrátt fyrir umræðu um kostnað þá væri ljóst að það kostaði þrjú ár hjá ríkinu að hugsa. Þeir vildu bjóða fólki upp á aðstöðu og öryggi en slíkt kostaði peninga. Óboðlegt væri að láta einn frægasta hver í heimi fara ofan í svaðið. Hann sagðist hafa spjallað við ráðherra frammi fyrir málþingið en þó vel fari á með þeim persónulega þá væru þau mjög ósammála um þetta efni. Garðar vísaði í orð Hilmars um lögbann en Garðar sagði þá hafa ýmsar leiðir til að bregðast við því og spurði hvort gott væri fyrir íslenska ferðapjónustu ef þeir gripu til þess ráðs að loka svæðinu.

Óðinn Jónsson þakkaði fyrir framsöguerindin, bæði þau skipulögðu og óskipulögðu. Hann sagðist vilja gera athugasemd varðandi það sem Knútur sagði um vinveitt stjórnvöld og upphaf þjóðlendulaganna, og sagði Sjálfstæðisflokkinn eiga það alveg skuldlaust. Hann sagðist þó fremur hafa verið að vísa í að allt síðasta kjörtímabil hefði stjórn LLÍ þurft að vera eins og jójó að berjast gegn allskonar frumvörpum. Nú væru þó stjórnvöld sem hlynntari væru

eignarréttinum. Óðinn sagði síðan að sér finndist umræðan hafa verið of þröng og á villigötum, hugsa þyrfti málið út frá fleiri þáttum en aðeins ágengni á náttúruna svo sem móttöku ferðamanna og öryggi þeirra. Óðinn sagðist telja að ráðherra hefði talað þannig að hún væri tilbúin að bakka og væri kannski ekki alveg viss um þennan náttúrupassa, enda væri það gríðarlega flókið og dýrt í framkvæmd.

Garðar vildi bæta við eftir innlegg Óðins að þeir hafi gert öryggisáætlun fyrir Geysissvæðið.

Fundarmaður sem ekki kynnti sig en sagðist hafa verið 30-40 ár í ferðaþjónustu og setið á búnaðarþingi fyrir ferðaþjónustubændur sagði mörg svæði komin LANGT yfir þolmörk og nefndi þar Landmannalaugar og raunar meira og minna nyrðri fjallabaksleiðina sem dæmi. Þar væri allt í niðurníðslu en ekki vegna þess að þar væri ekki góð aðstaða. Ef náttúrupassinn yrði að veruleika þyrfti því einnig að nota hann sem stýringartæki. Og þar væru íslenskir gönguskór ekkert betri en erlendir. Hér yrði ekkert sem hægt væri að selja með þessu áframhaldi og það hann fundarmenn að íhuga það.

Snorri Jóhannsson sagðist sjá um Hraunfossa í Borgafirði. Þar hefði verið gert mikið átak fyrir nokkrum árum og göngustígar lagaðir. Svæðið er friðlýst og hann sagðist því að nokkru leyti í sömu stöðu og ýmsir aðrir, að eiga samskipti við ríkið. Hann sagðist hafa sandað þegar mikil hálka myndaðist á stígum en þá hefði borist kvörtun því ekki mátti koma með utanaðkomandi jarðveg inn á friðlýst svæði. Hann sagði landvörðinn sem sæi um Hraunfossa hafa umsjón með fimm svæðum en aðeins væri tínt rusl einu sinni í viku við Hraunfossa. Það var ekki nóg og hann óskaði sjálfur eftir því að gera það daglega og fá fyrir það greitt sem samsvaraði einni klst. á dag. Hann fékk þá það svar að ekki væru til fjármunir fyrir því en þrátt fyrir það voru til fjármunir til að ráða landvörð nokkru seinna. Þá var honum sagt að þetta hefði ekki endilega snúist um peninga heldur það að hann var ekki með landvarðaréttindi og sagði greinilegt að landvarðaréttindi þyrfti til þess að tína upp rusl. Hann vildi allavega varpa ljósi á að þarna væri eftirlitið ekki nægilegt að hans mati.

Óskar tók aftur til máls og sagðist taka undir það sem Óðinn sagði um öryggismálin. Hann sagði að á meðan starfsmaður var á Kersvæðinu hefði verið settur sandur eða rauðamöl á stíginn. Eftir áramót hefði slíkt hins vegar ekki svarað kostnaði en þá hefðu Kersmenn um leið verið skammaðir fyrir að sanda ekki stíginn, en á sama tíma var ekkert gjald. Óskar sagðist í sambandi við skaðabótaskylduna halda að það sé sérákvæði í náttúruverndarlögum sem gerir ráð fyrir því að menn séu á eigin ábyrgð á þessum svæðum. Hins vegar megi velta fyrir sér hvort það sé breytt ef gjaldtaka er hafin. Óskar sagðist telja það vitleysu að tala um undanþágur frá náttúrupassanum, eini maðurinn sem ekki hefði viljað borga við Kerið væri Ögmundur Jónasson. Þá sagði hann athyglisvert að skoða þá hugmynd að þeir staðir sem taki gjald veiti hluta af því til annarra og minni staða sem ekki geta gert slíkt hið sama. Þá sagði hann Kersmenn borga virðisaukaskatt af gjaldinu sem tekið er við Kerið þrátt fyrir að það sé óvíst hvort það eigi við. Hann sagði hins vegar vel koma til greina að borga í sjóð sem deilt er úr til uppbyggingar einhverra svæða ef ekki þarf að greiða virðisauka.

Elín fundarstýra sleit málþinginu og þakkaði framsögumönnum fyrir góð erindi.